



Borgarráð

Reykjavík, 10. mars 2026

MSS26030030

Tillögur vegna aðalfundar Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf. 2026

Boðað hefur verið til aðalfundar Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf. í samræmi við 8. gr. stofnsamþykkt félagsins, þriðjudaginn 24. mars nk. kl. 12.00 í Laugardalshöll við Engjaveg.

Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna.

Dagskrá aðalfundarins er eftirfarandi:

Dagskrárliður 1: Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár

Dagskrárliður 2: Ársreikningur og skýrsla endurskoðanda

Dagskrárliður 3: Tillaga stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs og framlög í varasjóð umfram þau réttindi sem Reykjavíkurborg sem hluthafi nýtur í þessu sambandi, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykkt þessara.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður og vísar að öðru leyti til ársreiknings varðandi ráðstöfun hagnaðar/taps þannig að hagnaður ársins færist á óráðstafað eigið fé.

Dagskrárliður 4: Tillaga stjórnar um stefnu og framtíðarsýn og helstu mælikvarða

Stjórn félagsins leggur til að stjórn Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf. verði falið að móta stefnu um framtíðarsýn og helstu mælikvarða í rekstri félagsins.

Dagskrárliður 5: Tillaga stjórnar um rekstrar- og fjárfestingaráætlun

Stjórn Íþrótt- og sýningarhallarinnar leggur til að framlögð fjárhagsáætlun 2026-2030 verði samþykkt.

Dagskrárliður 6: Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslustefnu

Stjórn Íþrótt- og sýningarhallarinnar leggur til að stjórninni verði falið að móta stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslustefnu.

Dagskrárliður 7: Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu

Stjórn leggur til að þegar samþykkt starfskjarastefna, sem var samþykkt á fundi stjórnar 26.júní 2025, gildi áfram.

Dagskrárliður 8: Aðrar stefnur sem stjórn skal bera undir hluthafafund skv. 3. mgr. 17. gr.

Stjórn Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf. leggur til við aðalfund félagsins 2026 að stefnur félagsins í áhættumálum, jafnréttismálum, umhverfismálum og persónuverndarmálum, sem samþykktar voru á stjórnarfundi 26.júní 2025 gildi áfram.



Reykjavík



Dagskrárliður 9: Kosning endurskoðunarfélags

Stjórn leggur til að DFK endurskoðun ehf verði endurskoðunarfélag Íþróttá- og sýningarhallarinnar hf.

Dagskrárliður 10:

Kosið í stjórn félagsins. Lagðar fram tillögur eigenda um fulltrúa í stjórn.

Dagskrárliður 11: Tillaga stjórnar um greiðslu þóknunar til stjórnar

Stjórn leggur til að stjórnarlaun verði 160.000k r á mánuði, en stjórnarformaður fái tvöfalda þá fjárhæð en varaformaður 1.5 stjórnarlaun. Hækkunin tekur mið af hækkun launavísitölu frá síðustu ákvörðun.

Dagskrárliður 12. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin

Lagt er til að tillögur undir dagskrárliðum 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9 og 11 verði samþykktar.

Varðandi tillögu undir dagskrárlið 10 að þá leggur tilnefninganefnd borgarráðs til að tilnefna Þórhildi Ósk Halldórsdóttur frá fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar sem aðalmann í stað Önnu Karenar Arnarsdóttur. Að öðru leyti verði fulltrúar Reykjavíkurborgar í stjórn Íþróttá- og sýningarhallarinnar hf. óbreyttir á þann hátt að Ómar Einarsson verði áfram formaður, Steinþór Einarsson áfram aðalmaður og Helga Friðriksdóttir áfram varamaður, sbr. útskrift fundargerðar dags. 6. mars 2026.

Málið er trúnaðarmál fram yfir aðalfund Íþróttá- og sýningarhallarinnar hf. sem haldinn verður 24. mars 2026.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Dagskrá aðalfundar.

Aðalfundarboð ÍSH hf.

Ársreikningur ÍSH hf.

Rekstraráætlun 2026-2030.

Aðalfundur ÍSH hf. – Tillögur bornar fram á fundinum.

Starfskjarastefna ÍSH hf.

Útskrift úr fundargerð tilnefninganefndar 5. mars 2026.



Reykjavík

AÐALFUNDUR

Íþróttá- og sýningahallarinnar hf.

Verður haldinn þriðjudaginn 24.mars 2026, kl. 12:00 í Laugardalshöll við Engjaveg.

Samkvæmt 8 gr samþykktá félagsins skal endanleg dagskrá og tillögur sendar hluthöfum eigi síðar en 14 dögum fyrir fund.

Í 14 gr. samþykktá félagsins segir: Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Í 8. gr. hluthafasamkomulags frá 20. júní 2003 segir að stjórnin skuli skipuð 5 mönnum, 2 tilnefndum af Reykjavíkurborg, 2 af Samtökum iðnaðarins og einum stjórnarmanni sem aðilar koma sér saman um. Hvor aðili um sig hefur rétt til að tilnefna einn varamann og er hann varamaður þeirra tveggja stjórnarmanna sem hluthafinn hefur tilnefnt.

Dagskrá verður sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Ársreikningur og endurskoðunarskýrsla fyrir liðið starfsár.
3. Tillaga stjórnar um hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs og framlög í varasjóð umfram þau réttindi sem Reykjavíkurborg sem hluthafi nýtur í þessu sambandi, sbr 2. mgr.3.gr samþykktá þessara.
4. Tillaga stjórnar um stefnu og framtíðarsýn og helstu mælikvarða.
5. Tillaga stjórnar um rekstrar -og fjárfestingaáætlun
6. Tillaga stjórnar um stefnu og fjármagnsskipan og arðgreiðslustefnu.
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
8. Aðrar stefnur sem stjórn skal bera undir hluthafafund skv 3 .mgr 17.gr
 - a) áhættustefna
 - b) jafnréttisstefna
 - c) Umhverfisstefna
 - d) Persónuverndarstefna
9. Kosning endurskoðunarfélags.
- 10.Kosið í stjórn félagsins.
- 11.Tillaga stjórnar um greiðslu þóknunar til stjórnar.
- 12.Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál.

Reykjavík, 6.mars 2026

f.h. stjórnar ÍSH hf.
Ómar Einarsson ,
stjórnarformaður



Íþróttta- og sýningahöllin hf.

Ársreikningur fyrir árið 2025

Íþróttta- og sýningahöllin hf.

Ársreikningur fyrir árið 2025

Efnisyfirlit:	Bls.
Ársskýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	2
Áritun óháðs endurskoðenda.....	3 - 4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6 - 7
Sjóðstreymi.....	8
Skýringar.....	9 - 14

Ársreikningurinn er á 14 blaðsíðum

ÁRSSKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

2

Tilgangur félagsins er rekstur fjölnota íþrótt- og sýningahúss í Laugardal auk rekstur Laugardalshallar í Reykjavík. Félagið annast allan rekstur hússins og þeirra mannvirkja sem því tengjast auk þess að sjá um alla markaðssetningu og útleigu hússins og þeirrar þjónustu sem því tengist. Tilgangur félagsins er einnig að annast rekstur, markaðssetningu og útleigu annarra íþróttatengdra mannvirkja eða annarra hliðstæðra fasteigna þar sem rekin er sambærileg starfsemi.

Framtíðarhorfur í rekstrinum eru að mati stjórnarinnar góðar. Mikil eftirspurn er eftir að nýta húsnæðið bæði fyrir íþróttaiðkun og aðra viðburði. Fjárhagur félagsins er traustur og nemur handbært fé 938,6 m.kr. í lok árs 2025. Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður og vísar að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar.

Á árinu 2025 var hagnaður af rekstri félagsins að fjárhæð um 6,5 millj.kr. Heildareignir í árslok 2025 námu 4.161,5 millj.kr. og heildarskuldir námu 3.015,7 millj.kr. Eigið fé í árslok 2025 nam 1.145,8 millj.kr.

Hlutfé í árslok var 100 millj.kr. og er það í jafnri eigu Reykjavíkurborgar og Samtaka iðnaðarins.

Félagið hefur sett sér markmið og stefnu gagnvart áhættustýringu. Nánar er vísað til skýringar nr. 2.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningurinn saminn í samræmi við ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins vegna ársins 2025.

Samkvæmt mati stjórnar felst í ársreikningi og skýrslu stjórnar glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess á árinu 2025 ásamt því að gerð er grein fyrir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íþrótt- og sýningahallarinnar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2025.

Stjórn :

Örn er Einarsson
Helgi Magnússon
Þórunn Pálsson
Skimp. Einar

Framkvæmdastjóri :

Þórunn Pálsson

Til stjórnar og hluthafa í Íþrótt- og sýningahöllinni hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íþrótt- og sýningahallarinnar hf. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Íþrótt- og sýningahöllinni hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdarstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdarstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA (frh.)

4

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
 - Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
 - Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
 - Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Reykjavík, 26. febrúar 2025.

DFK Endurskoðun ehf.



Jón G. Hjálmarsson,

löggiltur endurskoðandi.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2025

5

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur :			
Tekjur Reykjavíkurborg.....		402.681.340	376.219.151
Húsaleigutekjur.....		101.531.452	76.045.238
Þjónustutekjur og aðrar tekjur.....		196.087.515	148.546.972
Rekstrartekjur samtals.....		700.300.307	600.811.361
Rekstrargjöld :			
Efni og aðkeypt þjónusta til endursölu.....		2.839.459	15.980.716
Laun og launatengd gjöld.....	4	167.051.775	142.383.323
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		19.271.641	18.959.487
Rekstur húsnæðis, áhalda og tækja.....		119.438.551	101.146.691
Beinn kostnaður vegna útleigu og þjónustu.....		93.911.319	69.722.677
Afskriftir.....	5	159.343.000	144.849.107
Rekstrargjöld samtals.....		561.855.745	493.042.001
Rekstrarhagnaður.....		138.444.562	107.769.360
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) :			
Vaxtatekjur.....		55.139.631	58.524.089
Vaxtagjöld og verðbætur.....	3	(198.676.470)	(208.610.775)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....		(143.536.839)	(150.086.686)
Tap fyrir tekjuskatt.....		(5.092.277)	(42.317.326)
Reiknaður tekjuskattur.....	10	11.586.822	(29.686.869)
Hagnaður (tap) ársins.....		6.494.545	(72.004.195)

EFNAHAGSREIKNINGUR

6

EIGNIR :

	Skýr.	2025	2024
Fastafjármunir :			
Varanlegir rekstrarfjármunir :			
Fasteign.....	5	3.089.050.000	3.002.778.200
Áhöld og tæki.....	5	52.258.712	23.243.936
		<u>3.141.308.712</u>	3.026.022.136
Áhættufjármunir og langtímakröfur :			
Eignarhluti í fjárfestingasjóði.....	6	297.000	297.000
Fastafjármunir samtals.....		<u>3.141.605.712</u>	3.026.319.136
Veltufjármunir :			
Skammtímakröfur :			
Viðskiptakröfur.....	7	10.812.022	54.196.704
Kröfur á tengd félög.....		39.574.774	23.957.636
Aðrar skammtímakröfur.....		30.864.757	46.792.153
		<u>81.251.553</u>	124.946.493
Handbært fé :			
Bankainnstæður.....		938.642.378	768.205.238
Veltufjármunir samtals.....		<u>1.019.893.931</u>	893.151.731
Eignir samtals.....		<u>4.161.499.643</u>	3.919.470.867

7

	Skýr.	2025	2024
Eigið fé :			
Hlutfé.....	8	100.000.000	100.000.000
Annað eigið fé.....	8	1.045.786.415	858.692.036
Eigið fé samtals.....		1.145.786.415	958.692.036
Langtímaskuldir :			
Verðtryggt lán í íslenskum krónum.....	9	2.566.197.508	2.528.798.110
Næsta árs afborganir.....	9	(71.532.287)	(64.272.373)
		2.494.665.221	2.464.525.737
Tekjuskattsskuldbinding.....	10	377.542.750	343.979.613
Langtímaskuldir samtals.....		2.872.207.971	2.808.505.350
Skammtímaskuldir :			
Aðrar skammtímaskuldir.....		6.138.235	16.128.864
Viðskiptaskuldir.....		40.273.480	49.893.610
Skuldir við tengd félög.....		6.828.013	3.774.800
Ógreiddur áfallnir vextir.....		18.733.242	18.203.834
Næsta árs afborganir af langtímaláni.....	9	71.532.287	64.272.373
Skammtímaskuldir samtals.....		143.505.257	152.273.481
Skuldir samtals.....		3.015.713.228	2.960.778.831
Eigið fé og skuldir samtals.....			
		4.161.499.643	3.919.470.867

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2025

8

	Skýr.	2025	2024
Handbært fé frá rekstri :			
Hagnaður (tap) ársins.....		6.494.545	(72.004.195)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi :			
Afskriftir fastafjármuna.....	5	159.343.000	144.849.107
Reiknaðar verðbætur af langtímaláni.....	3	104.798.055	120.101.910
Reiknaður tekjuskattur.....	10	(11.586.822)	29.686.869
Veltufé frá rekstri.....		259.048.778	222.633.691
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum :			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		43.694.940	7.700.023
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(16.557.546)	30.676.989
		27.137.394	38.377.012
Handbært fé frá rekstri.....		286.186.172	261.010.703
Fjárfestingarhreyfingar :			
Framkvæmdakostnaður.....	5	(3.600.226)	(132.569.114)
Keypt áhöld og tæki.....	5	(45.279.557)	(5.882.724)
Fjárfestingarhreyfingar.....		(48.879.783)	(138.451.838)
Fjármögnunarhreyfingar :			
Afborganir af langtímaláni.....		(66.869.249)	(65.995.501)
Fjármögnunarhreyfingar.....		(66.869.249)	(65.995.501)
Breyting á handbæru fé.....		170.437.140	56.563.364
Handbært fé í ársbyrjun.....		768.205.238	711.641.874
Handbært fé í árslok.....		938.642.378	768.205.238

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1. Almennar upplýsingar :

Tilgangur félagsins er rekstur fjölnota íþrótta- og sýningahúss í Laugardal auk reksturs Laugardalshallar í Reykjavík. Félagið annast annan rekstur hússins og þeirra mannvirkja sem því tengjast. Félagið sér um alla markaðssetningu og útleigu hússins og þeirrar þjónustu sem því tengist. Tilgangur félagsins er einnig að annast rekstur, markaðssetningu og útleigu annarra íþrótta- og sýningahöllina hf. er hluti af samstæðu B-hluta fyrirtækja Reykjavíkurborgar.

1.2. Grundvöllur reikningsskila :

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér að neðanverðu.

Við gerð reikningsskilaanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo möt þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sam þannig eru metnir reynst önnur.

1.3. Innlaun tekna :

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur flust yfir til kaupanda.

1.4. Aðrar rekstrartekjur :

Umboðslaun og húsaleigutekjur eru tekjufærð á grundvelli fyrirbyggjandi samninga.

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

1.5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) :

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ákvöxtunarkröfu skuldabréfaeignir og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

1.6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir :

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á endurmetnu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Hækkun á bókfærðu verði fasteigna í matsvirði að frádregnum afskriftum er færð á sérstakan reikning meðal eigin fjár. Lækkanir á áður færðum hækkunum eru færðar til lækkunar á fyrrgreindum reikningi. Lækkanir umfram áður færðar hækkunir eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi. Árlega er mismunur á gjaldfærðum afskriftum samkvæmt rekstrarreikningi og þeim afskriftum sem færðar hefðu verið miðað við upphaflegt kostnaðarverð, færður til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á stofnverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir :

Fasteign.....	33 ár
Áhöld og tæki.....	5 ár

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

1.6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (frh.) :

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætlunum endingartíma viðkomandi eigna.

1.7. Eignarhlutir í félögum :

Eignarhlutir í félögum eru færðir til eignar á kostnaðarverði.

1.8. Verðtryggðar skuldir :

Verðtryggðar skuldir eru færðar upp miðað við vísitölu í árslok 2024. Reiknaðar verðbætur á höfuðstól skulda eru færðar í rekstrarreikning.

1.9. Viðskiptakröfur :

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvert einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.10. Handbært fé :

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

1.11. Tekjuskattsinnæign/skuldbinding :

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færist til skuldar/eignar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsinnæign/skuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattsskuldbindingan svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væri seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun :

2.1. Fjárhagslegir áhættuþættir :

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

2.2. Útlánaáhætta :

Félagið einbeitt sér ekki sérstaklega að útlánaáættu. Hins vegar hefur félagið ákveðna stefnu gagnvart því að selja vörur og þjónustu til ábyrgra aðila. Bankainnstæður félagsins eru einungis hjá viðurkenndum lánastofnunum.

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI (frh.)

11

3. Fjármagnsgjöld :

Verðtryggðar skuldir eru færðar upp miðað við vísitölu í lok desember 2025. Reiknaðar verðbætur á höfuðstól skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Fjármagnsgjöld sundurliðast þannig :

	2025	2024
Greidd vaxtagjöld og verðbætur.....	(93.878.415)	(88.508.865)
Reiknaðar áfallnar verðbætur.....	(104.798.055)	(120.101.910)
Fjármagnsgjöld samtals.....	(198.676.470)	(208.610.775)

4. Laun og launatengd gjöld :

Laun og launatengd gjöld sundurgreinast þannig :

	2025	2024
Laun starfsmanna.....	122.788.227	104.498.554
Laun stjórnarmanna.....	11.375.000	10.764.000
Launatengd gjöld.....	32.888.548	27.120.769
	167.051.775	142.383.323

Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 11 starfsmenn á árinu.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir :

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig :

	Fasteign	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2024.....	4.490.768.678	80.774.862	4.571.543.540
Viðbót á árinu.....	132.569.114	5.882.724	138.451.838
Endurmat ársins.....	138.434.367		138.434.367
Heildarverð 31.12.2024.....	4.761.772.159	86.657.586	4.848.429.745

Afskrifað áður.....	1.624.268.678	53.289.824	1.677.558.502
Afskrifað á árinu.....	134.725.281	10.123.826	144.849.107
Afskrifað samtals.....	1.758.993.959	63.413.650	1.822.407.609

Bókfært verð 31.12.2024.....	3.002.778.200	23.243.936	3.026.022.136
------------------------------	---------------	------------	---------------

	Fasteign	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2025.....	4.761.772.159	86.657.586	4.848.429.745
Viðbót á árinu.....	3.600.226	45.279.557	48.879.783
Endurmat ársins.....	225.749.793		225.749.793
Heildarverð 31.12.2025.....	4.991.122.178	131.937.143	5.123.059.321

Afskrifað áður.....	1.758.993.959	63.413.650	1.822.407.609
Afskrifað á árinu.....	143.078.219	16.264.781	159.343.000
Afskrifað samtals.....	1.902.072.178	79.678.431	1.981.750.609

Bókfært verð 31.12.2025.....	3.089.050.000	52.258.712	3.141.308.712
------------------------------	---------------	------------	---------------

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI (frh.)

12

5. Varanlegir rekstrarfjármunir (frh.) :

Fasteignamat í árslok 2025 nam 3.089,05 millj.kr.

Brunabótamat í árslok 2025 nam 4.948,15 millj.kr.

Vátryggingaverðmæti áhalda og tækja í árslok 2025 nam 120,6 millj.kr.

Pasteign félagsins var endurmetin í árslok um 225,7 millj.kr. Við útreikning á endurmati á fasteignum félagsins er stuðst við fasteignamat fasteignaskrár Húsnæðis- og mannviskjastofnunar. Samkvæmt upplýsingum frá fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er fasteignamat gangverð sem ætla má að eign hefði haft í kaupum og sölum. Matið er gert í maí mánuði ár hvert og miðast verðlag við febrúar sama ár. Hið nýreiknaðamat tekur gildi í árslok. Fasteignamat tekur bæði til húss og lóðar og skiptist í húsmat og lóðarmat.

6. Áhættufjármunir og langtímakröfur :

Eignarhlutur félagsins í fjárfestingasjóði sundurgreinist þannig í árslok 2025 :

	Nafnverð	Kaupverð	Eignarhlutur
Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH.....	297.000	297.000	49,5%

7. Viðskiptakröfur :

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	31.12.2025	31.12.2024
Viðskiptakröfur.....	13.812.022	57.196.704
Niðurfærsla vegna tapsáhættu.....	(3.000.000)	(3.000.000)
	10.812.022	54.196.704

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar úr bókum félagsins.

8. Eigið fé :

Hlutfé :

Eitt atkvæði fylgir hverjum krónu hlut af nafnverði.

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga :

	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé 1.1.2025.....	100.000.000	1.722.910.598	(864.218.562)	958.692.036
Endurmat ársins.....		180.599.834		180.599.834
Afskrift endurmats.....		(97.505.293)	97.505.293	0
Hagnaður ársins.....			6.494.545	6.494.545
Eigið fé 31.12.2025.....	100.000.000	1.806.005.139	(760.218.724)	1.145.786.415

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI (frh.)

13

9. Langtímaskuldir :

Yfirlit yfir langtímaskuldir :

	Mynt	Lánskjör	Eftirstöðvar 31.12.2025
Kvika - ÍSH	ISK	3,65%	2.566.197.508

Langtímalán félagsins í árslok 2025 er verðtryggt í íslenskum krónum til 34 ára. Lánveitandi er Kvika - ÍSH. Lánið ber fasta 3,65% vexti.

Afborganir af langtímaláni greinast þannig á næstu árum :

Árið 2026.....	71.532.287
Árið 2027.....	74.179.170
Árið 2028.....	76.923.995
Árið 2029.....	79.770.386
Árið 2030.....	82.722.101
Árið 2030 og síðar.....	2.181.069.569
	2.566.197.508

10. Tekjuskattsskuldbinding :

Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu 2025 greinist þannig :

Tekjuskattsskuldbinding 1.1.2025.....	343.979.613
Áhrif af breytingu skatthlutfalls.....	(16.379.982)
Reiknaður tekjuskattur ársins.....	4.793.160
Tekjuskattsáhrif af endurmati ársins.....	45.149.959
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.2025.....	377.542.750

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) greinist þannig á eftirfarandi liði :

Varanlegir rekstrarfjármunir.....	402.437.135
Yfirfæranlegt tap.....	(24.294.385)
Viðskiptakröfur.....	(600.000)
	377.542.750

Ójöfnuð rekstrartöp félagsins í árslok 2025 námu 121,5 millj.kr.

11. Aðrar upplýsingar :

Vátryggingafjárhæð rekstrarstöðvunartryggingar félagsins í árslok 2025 nam 349,1 millj.kr.

Veðsetningar :

Skuld við Fagfjárfestastjóð ÍSH að fjárhæð 2.566,2 millj.kr. í árslok 2025 er tryggt með veði í fasteign félagsins.

12. Tengdir aðilar :

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem stjórnað er af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðilar. Viðskipti við annan eiganda félagsins, Reykjavíkurborg, voru veruleg á árinu 2025 og námu tekjur frá Reykjavíkurborg u.þ.b. 58% af heildar tekjum félagsins.

AÐALFUNDUR

Íþróttta-og sýningarhallarinnar hf

Tillögur stjórnar

Tillögur stjórnar til aðalfundar sem haldinn verður þriðjudaginn 24.mars 2026 kl. 12.00 í Laugardalshöll við Engjaveg

1.Lagt er til að skýrsla stjórnar verði samþykkt

2.Lagt er til að ársreikningur félagsins fyrir árið 2025 verði samþykktur

3. Tillaga um ráðstöfun hagnaðar:

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður og vísar að öðru leyti til ársreiknings varðandi ráðstöfun hagnaðar/taps þannig að hagnaður ársins færist á óráðstafað eigið fé.

4. Tillaga um stefnu og framtíðarsýn og helstu helstu mælikvarða:

Stjórn félagsins leggur til að stjórn Íþróttta-og sýningarhallarinnar hf. verði falið að móta stefnu um framtíðarsýn og helstu mælikvarða í rekstri félagsins.

5. Rekstrar-og fjárfestingaáætlun:

Stjórn Íþróttta-og sýningarhallarinnar leggur til að framlögð fjárhagsáætlun 2026- 2030 verði samþykkt.

6. Stefna um fjármagnsskipan og arðgreiðslustefnu:

Stjórn Íþróttta-og sýningarhallarinnar leggur til að stjórninni verði falið að móta stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslustefnu.

7 Starfskjarastefna:

Stjórn leggur til að þegar samþykkt starfskjarastefna,sem var samþykkt á fundi stjórnar 26.júní 2025, gildi áfram.

8. Aðrar stefnur sem skal bera undir aðalfund:

Stjórn Íþróttta-og sýningarhallarinnar hf, leggur til við aðalfund félagsins 2026 að stefnur félagsins í áhættumálum, jafnréttismálum ,umhverfismálum og persónuverndarmálum,sem samþykktar voru á stjórnarfundi 26.júní 2025 gildi áfram.

9.Kosning endurskoðunarfélags:

Lagt er til að DFK endurskoðun ehf verði endurskoðunarfélag Íþróttta-og sýningarhallarinnar hf

10.Kosning í stjórn.:

Lagðar fram tillögur eigenda um fulltrúa í stjórn.

Frá Reykjavíkurborg : Steinpór Einarsson og Þórhildur Ósk Halldórsdóttir ,til vara Helga Friðriksdóttir

Frá Samtökum iðnaðarins : Helgi Magnússon og Þórunn Pálsdóttir , til vara

Sameiginleg tillaga frá eigendum að Ómar Einarsson verði formaður stjórnar.

11. Tillaga um greiðslur til stjórnarmanna:

Lagt er til að stjórnarlaun verði 160.000k r á mánuði, en stjórnarformaður fái tvöfalda þá fjárhæð en varaformaður 1.5 stjórnarlaun. Hækkunin tekur mið að hækkun launavísitölu frá síðustu ákvörðun.

f.h. stjórnar ÍSH hf

Ómar Einarsson,

stjórnarformaður

Skýrsla stjórnar Íþróttá- og sýningarhallarinnar hf. fyrir árið 2025

Stjórn og starfsmenn

Á aðalfundi félagsins þann 21. maí 2025 lét Sveinn Hannesson af störfum eftir 18 ár sem formaður stjórnar og þá lét Halldóra Káradóttir einnig af störfum sem stjórnarmaður. Ómar Einarsson var kosin nýr formaður stjórnar og Steinþór Einarsson og Anna Karen Arnarsdóttir komu ný inn í stjórn.

Í stjórn Íþrótt- og sýningahallarinnar hf. árið 2025 eftir aðalfund sátu, Ómar Einarsson formaður, Steinþór Einarsson og Anna Karen Arnarsdóttir frá Reykjavíkurborg, Þórunn Pálsdóttir og Helgi Magnússon varaformaður frá Samtökum iðnaðarins.

Varamenn voru Helga Friðriksdóttir og Jón Bjarni Gunnarsson

Framkvæmdarstjóri: Birgir Bárðarson.

Endurskoðandi: Jón Gunnsteinn Hjálmarsson, löggiltur endurskoðandi.

Starfsmenn Laugardalshallar voru 11: Framkvæmdastjóri, verkefnastjóri viðburða auk verkefnastjóra bókana, verkefnastjóri húsnæðis, 4 húsverðir í dagvinnu og á vöktum auk 3 stöðugilda í ræstingu.

Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar var að samþykkja nýja stofnsamþykkt félagsins sem var aðlöguð að starfsháttum um B-hluta fyrirtæki í eigu borgarinnar. Meðal annarra verka nýrrar stjórnar var að setja nýjar starfsreglur og siðareglur stjórnar, þá voru samþykktar af stjórn umhverfisstefna, jafnréttisstefna, persónuverndarstefna, siðareglur starfsmanna, starfskjarastefna og áhættustefna. Stjórnarfundir í félaginu eru reglulegir. Á árinu 2025 kom stjórn saman til fundar í 11 skipti.

Starfsemin í Laugardalshöll

Hefðbundið æfingastarf í Höllinni (A-sal) var vel nýtt á árinu og enn varð aukning á æfingum og mótahaldi Ármanns í körfubolta en tímafjöldi Ármanns í Höllinni er um 80% af æfingatímum. Í Höllinni hófst árið með fjölda körfuboltaæfinga og móta hjá Ármanni. Eins og árið á undan varð mikil aukning körfuboltaæfinga/móta sem taka yfir flest alla tíma í salnum. HSÍ og KKÍ héldu fjóra landsleiki á árinu og að venju voru þeir viðburðir vel sóttir. Reynt hefur verið að raska sem minnst daglegri starfsemi íþróttafélaganna í Laugardalnum og hefur Reykjavíkurborg fundið ýmsum viðburðum annað húsnæði til þess að raska íþróttastarfi barna og unglinga sem minnst. Glímufélagið Ármann sendi bréf til Reykjavíkurborgar og stjórn Íþrótt- og sýningahallarinnar hf. þessi efnis að líta ætti til samninga á milli Ármanns og borgarinnar vegna aðstöðu félagsins í Laugardalshöll. Erindið var tekið fyrir á stjórnarfund í ÍSH. Á starfsárinu unnu Reykjavíkurborg og Íþrótt- og sýningahöllin hf. markvist að fjölmörgum atriðum í Laugardalshöll vegna aðstöðu, búnaðar og tækja í samvinnu við Ármann. Vert er að geta að önnur mál erindisins eru hjá Reykjavíkurborg til umfjöllunar ásamt málefnum vegna þróttar.

Í Frjálsíþróttasalnum (B-sal) hófst árið með miklu mótahaldi á vegum FRÍ þar sem frjálsíþróttafólk keppti í meistaramótum Íslands í mismunandi aldursflokkum. Æfingastarf félaganna var vel dreift með þátttöku afreksíþróttamanna með æfingar yfir daginn en síðdegis hefðbundið æfingastarf frjálsíþróttadeilda ÍR, Ármanns og Fjölris auk æfinga annarra félaga í Reykjavík og skokkhópa undir merkjum ÍBR. Frjálsíþróttadeildir úr nágrannasveitarfélögum voru einnig með æfingar í

húsinu í gegnum ÍBR. Íþróttasamband fatlaðra og eldri iðkendur Aspar voru einnig með reglulega tíma í salnum. Starf Háskóla Íslands var að venju umfangsmikið og góð nýting var á notkun á rannsóknastofu þeirra í íþróttافرæðum sem er í húsinu.

Umtalsverð aukning var á notkun fundaraðstöðu í Laugardalshöll á árinu og er ljóst að eftirspurn fer enn vaxandi. Ýmis sérsambönd nýttu aðstöðu í ráðstefnusölum m.a. fyrir aðalfundi og til námskeiðahalds. ÍSH hefur lagt kapp á að aðstoða þau íþróttafélög, sem hafa fastar æfingar í húsinu til að nýta ráðstefnurými til félagsfunda og voru um 120 bókanir á ráðstefnurýmum fyrir fjölbreytta starfsemi þeirra og þar var Ármann með um 65% allra bókana.

Aukning á starfsemi félaganna hefur líka haft mikil áhrif á notkun þreksalar og var mikið kapp lagt í að hálfu ÍBR að vinna að leiðum til að samræma og deila notkun jafnt á milli félaga. Áframhaldandi uppfærsla á tækjum í þreksal hélt áfram en ljóst er að í kjölfar aukningar þarf að fara í enn frekari endurnýjun tækjabúnaðar.

Reykjavík International Game (RIG) leikarnir voru vel sóttir en þeir fóru fram á fjórum dögum í kringum eina helgi. ÍBR á veg og vanda af þessum leikum en RÚV sá um útsendingar frá leikunum sem er stór hluti af umgjörð þeirra.

Heildarfjöldi þeirra sem höfðu viðkomu til íþróttæfinga eða keppni ásamt áhorfendum á árinu 2025 má áætla að hafi verið ríflega 220 þúsund gestir.

Ráðstefnur, sýningar, tónleikar og árshátíðir

Árið einkenndist sem áður af fjölbreyttu starfi vöru og ráðstefnusýninga. Árið hófst með stórrí ferðaráðstefnu Icelandair og síðan dreifðust ýmsir viðburðir yfir árið á borð við Samfés, Rannís, Reykjavíkumaraþon, útskrift Háskóla Íslands, Sjávarútvegsýninguna, Iðnaðarsýninguna o.fl.

Áætla má að heildarfjöldi þeirra sem sóttu Laugardalshöll heim á þessa viðburði á árinu hafi verið um 170 þúsund gestir.

Ekki gátu allir að sem vildu haldið tónleika í Laugardalshöll, mikil eftirspurn var eftir tónleikahaldi á árinu. Helstu tónleikarnir sem fóru fram voru Rottweiler, Smashing Pumpkins, FM957, GUS GUS, Birnir, Iceguys svo eitthvað sé upptalið.

Fjöldi tónleikagesta á árinu eru áætlaðir um 80-90 þúsund. Samtals má því gera ráð fyrir að fjöldi gesta sem sóttu Laugardalshöll heim á árinu hafi í heildina verið um 480 þúsund.

Viðhald mannvirkja og búnaðar

Töluvert var farið í að endurnýja búnað í húsinu s.s. LED skjái í anddyri og í frjálisíþróttasal auk ýmis annars búnaðar sem þar sem áhersla endurbóta var lögð á að viðburðahald hverskonar raski almennu íþróttastarfi sem allra minnst og að lágmarka brottfall á æfingatímum þeirra sem eru með fasta viðveru í húsnæðinu. Kjörorðið er enn sem áður: „fljótt inn og fljótt út“ og á það jafnt við um íþróttviðburði, tónleikahald, fundi og veislur.

Viðhald og endurbætur á húsnæðinu er nokkuð sem aldrei klárast og er stöðugt verið að leita hagkvæmra lausna í því starfi. Fyrir liggja nokkur áriðandi verkefni sem lúta að öryggi húsnæðis gagnvart notendum og hefur verið unnið markvisst að þeim endurbótum og má búast við að svo verði áfram.

Helstu verkefni sem nú liggja fyrir eru, endurnýjun og uppbygging hljóðkerfis og tilkynningakerfis sem eiga að ná yfir öll helstu rými hússins, áframhaldandi umbótaverkefni sem snúa að bókunarkerfi, verkferlakerfi, upplýsingakerfi, samskiptakerfi sem og öðrum stafrænum ferlum sem geta bætt og tryggt gott jafnvægi milli íþróttanotenda og viðburðaraðila. Markmiðið er að bæta upplifun þeirra sem heimsækja Laugardalshöll, þannig að þeir viti að þar er veitt fagleg og góð þjónusta.

Rekstur og fjármál

Tekjur félagsins á árinu 2025 námu 700,3 m.kr. samanborið við 600,8 m.kr. árið 2024. Rekstrargjöld að meðtöldum afskriftum árið 2025 námu 561,9 m.kr. samanborið við 493,0 m.kr. árið á undan. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) hækkaði umtalsvert og nam 297,8 m.kr. á árinu 2025 samanborið við 252,6 m.kr. á árinu 2024.

Enn sjást afleiðingar mikillar verðbólgu í ársreikningi félagsins. Fjármagnsliðir námu samtals -143,5 m.kr. en voru samtals -150,1 m.kr. á fyrra ári.

Bókfært verð fastafjármuna í árslok 2025 var 3.141,3 m.kr. miðað við 3.026,0 m.kr. í árslok 2024. Fasteign félagsins er endurmetin miðað við gildandi fasteignamat. Veltufjármunir í árslok 2025 voru alls 1.019,9 m.kr. en þar af var handbært fé í árslok 938,6 m.kr. og hækkaði um 170,4 m.kr. frá ársbyrjun.

Eigið fé í árslok 2025 nam 1.145,8 m.kr. og var eiginfjárhlutfall því 27,5%.

Vonast er til að framkvæmdir í húsnæðinu, bæði endurbætur og viðhald komi félaginu og notendum til góða. Allt húsnæði Laugardalshallar er nú í lagi og í fullri notkun. Þetta, ásamt mikil eftirspurn eftir að nýta húsnæðið bæði fyrir íþróttaiðkun og aðra viðburði, gefur að mati stjórnar tilefni til bjartsýni varðandi rekstrarhorfur til framtíðar.

Starfsreglur stjórnar Íþróttta-og sýningarhallarinnar hf.

Íþróttta-og sýningarhöllin hf. er hlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar og Samtaka iðnaðarins (SI) Eignarhlutföll eru að hvor aðili á 50% í fyrirtækinu.

Stjórn Íþróttta-og sýningarhallarinnar hf. (ÍSH) fer með málefni félagsins milli eigendafunda og hefur eftirlit með að skipulag félagsins sé í samræmi við samþykktir félagsins og eigendastefnu eigenda.

Tilgangur félagsins er rekstur fjölnota íþróttta-og sýningarhúss í Laugardal auk reksturs Laugardalshallar í Reykjavík. Félagið annast allan rekstur hússins og þeirra mannvirkja sem því tengjast. Félagið sér um markaðssetningu og útleigu hússins og þeirrar þjónustu sem því tengist. Tilgangur félagsins er einnig að annast rekstur, markaðssetningu og útleigu annarra íþróttatengdra mannvirkja eða annarra hliðstæðra fasteigna þar sem rekin er sambærileg starfsemi.

Starfsreglur stjórnar ÍSH byggjast á stofnssamþykkt félagsins frá júní 2025 og eigendastefnu eigenda og kveða nánar á um hlutverk stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra.

1. STJÓRNARHÆTTIR

- 1.1 Stjórnarhættir ÍSH eiga að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstri félagsins.
- 1.2 Stjórnarmenn skulu í störfum sínum fylgja lögum, eigendastefnu og starfsreglum stjórnar sem og sannfæringu sinni og siðareglum stjórnar, gæta almannahagsmuna og hagsmuna eigenda og félagsins.

2. SKIPAN STJÓRNAR

- 2.1 Stjórn félagsins skipa fimm einstaklingar og tveir til vara. Hvor hluthafi kýs tvo fulltrúa og einn til vara
- 2.2 Hluthafar skulu síðan koma sér saman um einn einstakling í stjórn.
- 2.3 Stjórnin skiptir með sér verkum

3. HLUTVERK STJÓRNAR

Stefnumótun

- 3.1 Stjórnin setur félaginu heildarstefnu og framtíðarsýn í samræmi við stofnsamþykkt félagsins og skilgreinir í henni mælikvarða í rekstri félagsins. Stefnan skal í það minnsta fela í sér markmið í fjármálum og jafnréttis-og starfsmannamálum, umhverfis og persónuverndarmálum. Stefna félagsins skal vera eigendum aðgengileg og starfsmönnum kunn.
- 3.2 Stjórnin mótar tillögur að almennri áhættustefnu með mælikvörðum og greinargerð fyrir eigendafund til staðfestingar.
- 3.3 Stjórnin ákvarðar skipurit félagsins, setur félaginu starfskjarastefnu og samþykkir siðareglur fyrir starfsfólk félagsins.
- 3.4 Veigamiklum og stefnumarkandi ákvörðunum skal stjórnin vísa til umfjöllunar eigendafundar.

Fjármál

- 3.5 Stjórnin leggur eigi síðar en 15.september ár hvert fyrir eigendur tillögur að megin forsendum fjögurra ára fjárhags-og starfsáætlunar þar sem m.a. er lýst markmiðum

í rekstri og þjónustu félagsins. Stjórnin mótar síðan fjárhags- og starfsáætlun til fjögurra ára í samræmi við forsendur sem eigendafundur hefur samþykkt. Samþykkt fjárhags- og starfsáætlunar stjórnar skal lögð fyrir borgarráð og stjórn SI.

3.6 Stjórnin mótar gjaldskrá félagsins í samræmi við fjárhagsáætlun félagsins

3.7 Einungis stjórn getur gefið prókúruumboð. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Eftirlit með rekstri og fjárreiðum

3.8 Stjórn annast eftirlit með rekstri félagsins og sér um að lögum, reglugerðum og markaðri stefnu félagsins sé fylgt. Sérstaklega skal stjórnin gæta þess að fjárhags- og starfsáætlun sé fylgt og að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

3.9 Stjórnin skal tryggja að til staðar sé innra eftirlit og sjá til þess að skilvirkum verkferlum ferlum varðandi innra eftirlit og innri endurskoðun félagsins sé fylgt.

Ráðning í stjórnunarstöður og önnur störf

3.10 Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, samþykkir starfslýsingu hans, ákvarðar ráðningarkjör og veitir honum lausn frá störfum

3.11 Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn. Stjórn samþykkir starfslýsingar og ákveður ráðningarkjör þeirra.

Samskipti við eigendur

3.12 Samskipti milli stjórnar og eigenda ÍSH skulu vera eftir formlegum leiðum og leitast skal við að beina þeim í farveg aðalfunda og eigendafunda.

3.13 Stjórnin hefur seturétt og málfrelsi á aðalfundi. Aðalfund skal halda fyrir júnílok ár hvert.

Stjórnin situr alla jafna eigendafundi með málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin getur óskað eftir eigendafundi.

Upplýsingagjöf til eigenda

3.15 Reglubundin skýrslugjöf stjórnar ÍSH til eigenda er:

- Ársskýrsla, ársreikningur og umhverfisskýrsla skal lögð fyrir aðalfund
- Fjárhags- og starfsáætlun sem lögð er fyrir borgarráð og stjórn SI haust hvert
- Umhverfisskýrsla og grænt bókhald

3.16 Stjórnin skal upplýsa eigendur um óvenjuleg og veigamikil atriði í rekstri þótt þau kalli ekki á ákvörðun að hálfu stjórnar.

4. ÝMSAR SKYLDUR STJÓRNAR

4.1 Stjórnarmenn eru fulltrúar eigenda ÍSH og bera ábyrgð á að upplýsa stjórnina um sjónarmið eigenda.

4.2 Árangursrík stjórnarstörf krefjast þekkingar á starfsemi ÍSH. Sérhver stjórnarmaður verður að hafa tíma til að sinna stjórnarstörfum sínum í þágu félagsins og rækta skyldur sínar sem stjórnarmaður.

- 4.3 Stjórnarmenn þurfa að hafa skilning á hlutverki stjórnar, hlutverki sínu og ábyrgð. Stjórnarmenn skulu gæta þess að lögum, reglum og reglugerðum sé fylgt í rekstri.
- 4.4 Stjórnarmenn skulu óska eftir og kynna sér öll þau gögn og upplýsingar sem þarf til að hafa fullan skilning á rekstri félagsins og taka upplýstar ákvarðanir.
- 4.5 Stjórnarmanni ber að tryggja að skoðanir hans tengdar einstökum málum séu skráðar í fundargerð sé hann ósáttur við ákvarðanir meirihluta stjórnar
- Ef ósætti er ástæða afsagnar stjórnarmanns skal hann tilgreina það í skriflegri yfirlýsingu til stjórnar.
- 4.6 Stjórnarmenn skulu stuðla að góðum starfsanda innan stjórnar.

5. FUNDIR OG BOÐUN ÞEIRRA

- 5.1 Stjórnarfundi skal halda svo oft sem þörf krefur, en stefnt skal að því að þeir verði ekki haldnir sjaldnar en mánaðarlega. Í upphafi hvers ár skal lögð fram starfsáætlun sem hefur að geyma áætlun fyrir reglubundna stjórnarfundi ársins.
- 5.2 Formanni er skylt að boða aukafund stjórnar ef þrír stjórnarmenn óska þess.
- 5.3 Stjórnarformaður boðar til stjórnarfunda í samstarfi við framkvæmdastjóra. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar. Fundarboð og fundargögn skulu berast stjórnarmönnum með rafrænum hætti eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Séu fundargögn trúnaðarmál að mati stjórnarformanns skal merkja þau þannig sérstaklega eða þau einungis lögð fram á fundi.
- 5.4 Stjórnarformaður skal yfirfara, einu sinni á ári með stjórn og framkvæmdastjóra framsetningu þeirra skriflegu upplýsinga sem stjórnin fær frá framkvæmdastjóra um rekstur félagsins og fjárhagsstöðu til að ganga úr skugga um að stjórnin fái þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hún geti rækt skyldur sínar skv. lögum eigendastefnu og starfsreglum félagsins.
- 5.5 Í fundargerðarbók skal skráð dagsetning fundar, fundarstaður, hvaða stjórnarmenn eða aðrir hafa tekið þátt í fundinum, hvaða mál voru á dagskrá, hvaða gögn voru afhent eða sýnd á fundinum og hvaða ákvarðanir voru teknar. Fundargerðin er send stjórnarmönnum að loknum fundi með óskum um athugasemdir. Fundargerðin er síðan lögð fram í byrjun næsta stjórnarfundar til undirritunar.

6. ÁLYKTUNARHÆFI

- 6.1 Til að stjórn sé ályktunarhæf þurfa allir stjórnarmenn að hafa fengið fundarboð í samræmi við ákvæði hér að framan (5.3). Stjórnin getur enga ályktun gert nema minnst helmingur stjórnarmanna sæki fund í kjölfar slíks fundarboðs.

7. VANHÆFI

- 7.1 Stjórnarmenn eiga að koma í veg fyrir að málefni þeirra, hvort heldur persónuleg eða viðskiptatengd, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli þeirra og félagsins.
- 7.2 Ef ákvarðanir stjórnar varða málefni einstakra stjórnarmanna, t.a.m. samningsgerð milli félagsins og þeirra, er rétt að slíkar ákvarðanir séu teknar af óháðum stjórnarmönnum og að viðkomandi stjórnarmaður víki af stjórnarfundi á meðan stjórnin tekur afstöðu til slíkra málefna. Stjórnarmaður skal upplýsa það um leið og málefni af þessu tagi koma upp svo ef hann verður þess var að hann geti ekki talist óháður stjórnarmaður.

8. HLUTVERK STJÓRNARFORMANNS

- 8.1 Stjórnarformaður ber ábyrgð á að stjórn gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti.
- 8.2 Stjórnarformaður er með formlegt boðsvald gagnvart framkvæmdastjóra í umboði stjórnar og samkvæmt ákvörðunum stjórnar.
- 8.3 Stjórnarformaður leggur fram í upphafi hvers árs starfsáætlun ársins þ.á.m. um fundardaga og helstu viðfangsefni hvers fundar.
- 8.4 Stjórnarformaður boðar til stjórnarfunda, stýrir fundum stjórnar og sér til þess að gerðarbók sé færð um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar.
- 8.5 Stjórnarmaður tryggir að nýtt stjórnarfólk fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar og málefnum fyrirtækisins, m.a. varðandi starfsemi þess, markmið, áhættuviðmið og rekstur.
- 8.6 Stjórnarformaður sér til þess að stjórn uppfæri með reglubundnum hætti þekkingu sína á fyrirtækinu og rekstri þess, ásamt því að tryggja að stjórnin fái almennt í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til að hún geti sinnt starfi sínu.
- 8.7 Stjórnarformaður leitast við að stjórnarfólk fái viðeigandi leiðsögn um helstu þætti varðandi stjórnir fyrirtækja, t.a.m. um lögbundnar skyldur þeirra og ábyrgð.
- 8.8 Stjórnarformaður tekur frumkvæði við gerð og endurskoðun starfsreglna stjórnarinnar.
- 8.9 Stjórnarformaður fylgist með framvindu ákvarðana stjórnarinnar og staðfestir innleiðingu þeirra gagnvart stjórn.
- 8.10 Stjórnarformaður tryggir að stjórnin meti árlega störf sín.
- 8.11 Stjórnarformaður kemur fram fyrir hönd stjórnar, ber ábyrgð á samskiptum stjórnar við formlegan eigendavettvang.

- 8.12 Stjórnarformaður skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

9. FRAMKVÆMDASTJÓRI

- 9.1 Stjórnin ræður framkvæmdastjóra félagsins, semur starfslýsingu hans og gengur frá starfslokum hans. Ráðningarsamningur skal vera skriflegur og vistaður með öðrum mikilvægum skjölum félagsins.
- 9.2 Framkvæmdastjóra ber að sjá um að rekstur félagsins sé að öllu leyti samkvæmt lögum, reglugerðum, stofnsamningi, eigendastefnu félagsins, stefnu stjórnar og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið.
- 9.3 Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri ÍSH, í umboði stjórnar. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvörðunar stjórnar á verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.
- 9.4 Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins séu með tryggum hætti. Framkvæmdastjóra er óheimilt að efna til viðskipta við aðila sem er honum tengdur persónulega eða fjárhagslega nema í kjölfar útboðs eða verðkönnunar og með samþykki stjórnar.
- 9.5 Framkvæmdastjóri hefur frumkvæði að mörkun stefnu í rekstri félagsins.
- 9.6 Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.
- 9.7 Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að stjórnarfundir séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir sem teknar eru af stjórn komist til framkvæmda hafi stjórnin ekki falið það öðrum. Framkvæmdastjóri getur kallað aðra starfsmenn inn á fund til kynningar á einstökum þáttum í starfseminni.
- 9.8 Framkvæmdastjóri er talsmaður fyrirtækisins opinberlega nema hvað varðar sérstaklega ákvarðanir stjórnar.
- 9.9 Starf framkvæmdastjóra ÍSH skal vera hans eina aðalstarf. Framkvæmdastjóri skal ekki sitja í stjórnun annarra fyrirtæki nema með samþykki stjórnar ÍSH.
- 9.10. Stjórn skal, í samráði við framkvæmdastjóra ákveða að öðru leyti nánari verkaskiptingu þeirra á milli.

10. UPPLÝSINGAGJÖF TIL STJÓRNAR

- 10.1 Stjórnin getur kalla eftir sérstökum upplýsingum varðandi rekstur félagsins telji hún það nauðsynlegt til þess að geta rækt störf sín. Slíkar upplýsingar skal framkvæmdastjóri kynna stjórninni eins fljótt og hægt er eftir að ósk þar um kemur fram. Að ósk einstakra stjórnarmanna getur stjórnin ákveðið að afla sérstakrar sérfræðiráðgjafar sé slíkt talið nauðsynlegt til að stjórnarmenn geti tekið sjálfstæðar, upplýstar ákvarðanir.
- 10.2 Framkvæmdastjóri skal leggja sex og níu mánaða uppgjör fyrir stjórn eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að viðkomandi uppgjörstímabili lýkur.
- 10.3 Framkvæmdastjóri skal gefa stjórn skýrslu yfir árangur af innra eftirliti félagsins eigi síðar en fyrir lok september ár hvert.
- 10.4 Framkvæmdastjóri skal, eigi síðar en fyrir lok september ár hvert, gefa stjórn skýrslu um hvernig til hefur tekist með að dreifa áhættu í rekstri félagsins m.t.t. samþykkrar áhættustefnu.

11. FRAMKVÆMD ÁRLEGS ÁRANGURSMATS

- 11.1 Stjórn skal árlega meta störf sín, verklag og starfshætti, einnig frammistöðu framkvæmdastjóra og þróun félagsins.
- 11.2. Árlegu árangursmati er ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni stjórnarinnar og felur matið m.a. í sér að stjórn leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og hugi að þeim þáttum sem stjórnin telur að betur megi fara.
- 11.3 Við matið skal m.a.skoða hvernig stjórnin starfar. Þar skal jafnframt líta til þess hvort mikilvæg málefni félagsins séu nægilega vel undirbúin og rædd í stjórninni.
- 11.4 Stjórnin skal bregðast við niðurstöðu matsins með því að viðurkenna styrkleika sína og veikleika.
- 11.5 Æskilegt er að stjórnarmenn hittist án formanns stjórnar, a.k. árlega, til að meta frammistöðu hans.
- 11.6 Stjórnarmaður skal kynna framkvæmdastjóra og stjórnendum félagsins niðurstöður árangursmats og leggja á ráðin með viðkomandi hvernig megi bæta úr veikleikum og/eða nýta frekar styrkleika.
- 11.7 Mat þetta má byggja á sjálfsmati en jafnframt má leita aðstoðar utanaðkomandi aðila eftir því sem við á.

12. ÞAGNAR- OG TRÚNAÐARSKYLDA

- 12.1 Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins og önnur atrið sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt stofnsamningi félagsins, lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

13. BREYTINGAR Á STARFSREGLUM STJÓRNAR

- 13.1 Breytingar á starfsreglum þessum skulu gerðar með samþykki stjórnar.
- 13.2 Frumrit starfsreglna þessara, með áorðnum breytingum ef við á, skal undirritað af stjórnarmönnum og varðveitt í fundargerðarbók ÍSH.
- 13.3 Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og endurskoðendum ÍSH skal afhent eintak af stofnsamningi fyrirtækisins, eigendastefnu og starfsreglum stjórnar sem í gildu eru á hverjum tíma.

Samþykkt á fundi stjórnar Íþróttá- og sýningarhallarinnar hf 26. ágúst 2025

Siðareglur stjórnar

Markmið og skilgreining

Markmið þessara reglna er að skilgreina það hátterni og viðmót sem ætlast er til að fulltrúar stjórnar ÍSH sýni af sér við störf sín í stjórn ÍSH.

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Fulltrúar í stjórn ÍSH skulu í störfum sínum fylgja lögum og starfsreglum stjórnar ÍSH, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að gæta hagsmuna eigenda og hagsmuna ÍSH. Þeir skuli í störfum sínum og í umræðu um málefni ÍSH stuðla að og viðhalda orð og athafnir sem samrýmast góðum mannlegum samskiptum.

Fulltrúar í stjórn ÍSH hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að verkja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn ÍSH.

Fulltrúum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að rökstyðja ákvarðanir sínar og tilgreina á hverju þær eru byggðar.

Valdmörk

Fulltrúar í stjórn gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi ÍSH. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa í stjórn og starfsmanna ÍSH virðingu.

Hagsmunaárekstrar

Fulltrúar í stjórn ÍSH nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir ÍSH lýkur.

Fulltrúar í stjórn ÍSH skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum.

Gjafir og fríðindi

Fulltrúar í stjórn þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptavinum eða þeim sem leita eftir eða veita ÍSH þjónustu. Í störfum sínum skal stjórnarfulltrúi forðast alla hegðum sem gæti talist fela í sér að veita eða þiggja óeðlilega fyrirgreiðslu eða mútur.

Upplýsingagjöf og trúnaður

Fulltrúar í stjórn ÍSH gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum og eðli máls.

Trúnaðurinn helst áfram eftir að fulltrúar láta af störfum.

Fulltrúar í stjórn ÍSH virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á fundum stjórnar ÍSH sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaðar skal vera um, enda byggji hann á lögmætum og málefnalegum rökum.

Að virða hlutverk starfsmanna

Fulltrúar í stjórn ÍSH skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna ÍSH. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúa á beinan eða óbeinan hátt til hugsanlegra ávinnings, né heldur aðila nátengdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

Stöðuveitingar

Fulltrúi í stjórn ÍSH skal ekki gera neitt sem veitir honum sjálfum starfslegan ávinning í framtíðinni eftir að hann hefur látið að störfum stjórnarmanns.

Fulltrúi í stjórn ÍSH ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá ÍSH á öðrum forsendum en hæfni til að sækja starfið og gæta þess, þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið.

Miðlun siðareglna til stjórnarmanna

Fulltrúar í stjórn ÍSH undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu verða aðgengilegar á þann hátt sem stjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Samþykkt á fundi stjórnar Íþróttá-og sýningarhallarinnar hf. 26.ágúst 2025

STARFSKJARASTEFNA

ÍPRÓTTA- OG SÝNINGAHÖLLIN HF.

- **Starfskjarastefna í samræmi við hlutafélagalög**

Eftirfarandi er starfskjarastefna Ípróttta- og sýningahallarinnar hf. sem samin hefur verið í samræmi við þau skilyrði sem fram koma í 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

- **Markmið**

Markmið með starfskjarastefnu ÍSH hf. er í fyrsta lagi að setja málsmeðferðarreglur sem veita hluthöfum áhrif á og innsýn í stefnu félagsins varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna, þannig að glöggar upplýsingar liggi fyrir um starfskjör æðstu stjórnenda þess.

Markmið með starfskjarastefnu ÍSH hf. er í öðru lagi að búa vel að starfsmönnum sínum og tryggja þeim eðlilegan afrakstur vinnu sinnar og þar með að gera félaginu kleift að laða til sín og halda í gott starfsfólk. Þetta á ekki síst við um það starfsfólk sem ber ábyrgð á stjórnun og rekstri félagsins. Til þess að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að stjórn félagsins sé kleift að bjóða samkeppnishæf laun og hlunnindi miðað við það sem tíðkast í sambærilegum rekstri og hjá sambærilegum félögum.

- **Starfskjör stjórnarmanna**

Stjórnarmönnum skulu greidd laun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Gerir stjórnin tillögu um þóknunina fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans og þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir.

- **Framkvæmdastjóri**

Formaður stjórnar gerir skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra og skulu kjör hans, grunnlaun og aðrar greiðslur, vera samkeppnishæfar og taka mið af menntun og starfsreynslu auk ábyrgðar og álags í starfi. Í ráðningarsamningi skal tilgreina önnur starfskjör, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest.

Ráðningarsamning við framkvæmdastjóra skal leggja fyrir stjórnarfund til staðfestingar.

- **Aðrir starfsmenn**

Framkvæmdastjóri gerir skriflega ráðningarsamninga við aðra starfsmenn en ráðningu og uppsögn helstu starfsmanna svo og launakjör þeirra. Ráðningarsamninga helstu starfsmanna skal bera undir stjórnarformann til samþykktar.

Við ákvörðun launakjara skal taka mið af ábyrgð þeirra, frammistöðu og vinnuálagi.

- **Samþykki starfskjarastefnu**

Starfskjarastefna félagsins skal samþykkt á aðalfundi og skal hún tekin árlega til endurskoðunar.

Á aðalfundi skal stjórn félagsins gera grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna félagsins, sbr. 4. mgr. 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Samþykkt á stjórnarfund 26.ágúst 2025

Dags. 26.ágúst 2025

JAFNRÉTTISSTEFNA

ÍPRÓTTA- OG SÝNINGAHÖLLIN HF.

Ípróttá- og sýningahöllin hf. stuðlar að því að fyllsta jafnréttis sé gætt á milli alls starfsfólks og að hver og einn starfsmaður sé metin á eigin forsendum, hafi jafna möguleika og njóti sömu réttinda í starfi og til starfsframa óháð kyni, aldri, uppruna eða lífsstíl.

Jafnréttisstefna ÍSH gildir fyrir allt starfsfólk fyrirtækisins og ber framkvæmdastjóri ábyrgð á framgangi jafnréttismála.

Helstu markmið ÍSH HF. varðandi jafnréttismál eru:

- Að vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum og vinna samkvæmt lögum og kröfum um jafnrétti kynjanna.
- Að gera stöðugar umbætur, vera með eftirlit og viðbrögð við breytingum sem kunna að koma.
- Að gæta skuli jafnréttis við ráðningar og tilfærslur í starfi, sem þýðir að hæfasti umsækjandinn sé ætíð valinn út frá málefnalegum sjónarmiðum svo sem hæfni, færni, menntun og reynslu.
- Að kynna öllum starfsmönnum jafnréttisstefnu fyrirtækisins.
- Að leitast við að jafna hlutfall kynjanna í hinum ýmsu störfum.
- Að gæta skuli jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsfólks á vinnustaðnum.
- Að greiða skuli jöfn laun og sömu kjör fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf.
- Að allt starfsfólk skuli eiga jafnan aðgang að endurmenntun og þjálfun.
- Að starfsfólki sé kleift að samræma fjölskyldulíf og vinnu eftir því sem við verður komið.
- Að einelti og kynferðisleg áreitni séu ekki liðin og brugðist strax við ef kvartanir um slíkt koma fram.

Samþykkt á stjórnarfundum 26.ágúst 2025

Dags. 26.ágúst 2025

SIÐAREGLUR

ÍÞRÓTTA- OG SÝNINGAHÖLLIN HF.

- Fyrirtækið veitir viðskiptavinum sínum kurteislega og áreiðanlega þjónustu.
- Fyrirtækið virðir og viðheldur trúnaði og þagmælsku gagnvart viðskiptavinum.
- Fyrirtækið hefur að leiðarljósi fagmennsku, heiðarleika og sanngirni í öllum samskiptum og viðskiptum.
- Fyrirtækið sýnir öllum viðskiptavinum sömu virðingu og tillitssemi óháð t.d. kyni, uppruna, menningu, kynhneigð, trú, aldri, þjóðfélagsstöðu og líkamlegu atgervi.
- Fyrirtækið tryggir að allar upplýsingar til viðskiptavina séu réttar.
- Fyrirtækið verðleggur vörur og þjónustu með skýrum hætti og í samræmi við gildandi gjaldskrá.
- Fyrirtækið leitast við að svara öllum fyrirspurnum og óskum á faglegan og skilvirkan hátt.
- Fyrirtækið tryggir sanngjörn og skjót viðbrögð við kvörtunum.
- Fyrirtækið hefur í heiðri öll lög og reglur varðandi reksturinn og fylgir þeim eftir.
- Fyrirtækið tryggir að faglega sé staðið að bókhaldi og reikningsskilum.
- Fyrirtækið uppfyllir allar skyldur við starfsmenn með því að fara að lögum og gildandi kjarasamningum.
- Fyrirtækið sér til þess að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun og fræðslu og að vinnuskilyrði séu við hæfi.
- Fyrirtækið tryggir öryggi starfsmanna og viðskiptavina með faglegum starfsháttum, góðri aðstöðu og viðurkenndum búnaði.
- Fyrirtækið sýnir í verki ábyrgð gagnvart umhverfi og samfélagi.

Samþykkt á stjórnarfundum 26.ágúst 2025

Dags. 26.ágúst 2025

Persónuverndarstefna

Íþróttta- og sýningarhöllin hf. er rekstraraðili Laugardalshallarinnar sem er vettvangur fyrir íþróttta-, tónlistar- og mennignarlíf sem og hverskonar ráðstefnur, fundi og sýningar.

- Laugardalshöllin tekur á móti miklum fjölda gesta á ári og er umhugsað um meðferð persónuupplýsinga gesta sinna og hefur því sett sér eftirfarandi persónuverndarstefnu.
- Stefnan er höfð aðgengileg á vefsvæði félagsins og allt kapp hefur verið lagt á að útskýra vinnslu persónuupplýsinga á einfaldan og hnitmiðaðn hátt.
- Stefna þessi tekur mið af lögum nr. 90./2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlaga) og reglugerð (ESB) 2016/679 ásamt reglum nr. 50/2023 um rafræna vöktun.
 - Merkingar um rafræna vöktun
 - Fræðsla vegna eftirlitsmyndavéla
 - Verklagsreglur um rafræna vöktun

Stefna samþykkt á stjórnarfundi 26.ágúst 2025

Áhættustefna

Íþrótt- og sýningarhöllin leggur áherslu á að tryggja öryggi og vellíðan allra sem koma að rekstri og viðburðum í Laugardalshöll með því að greina, meta og stjórna áhættu á markvissan hátt.

1. Áhættugreining

- Greina reglulega hugsanlega áhættuþætti í rekstri, viðburðum, öryggi og umhverfi.
- Áhersla á að bera kennsl á áhættu sem gæti haft áhrif á fólk, mannvirki eða starfsemi.

2. Áhættumat

- Meta líkur og afleiðingar áhættuþátta.
- Flokka áhættu eftir alvarleika og forgangsraða aðgerðum í samræmi við það.

3. Forvarnir

- Setja fram og innleiða viðeigandi forvarnir til að draga úr áhættu.
- Tryggja að viðbragðsáætlanir séu til staðar ef áhætta verður að raunverulegum atburði.

4. Eftirlit og endurskoðun

- Fylgjast með áhættuþáttum og áhrifum aðgerða reglulega.
- Endurskoða áhættustefnu og viðbragðsáætlanir árlega eða eftir þörfum.

5. Fræðsla og ábyrgð

- Tryggja að starfsfólk og samstarfsaðilar þekki áhættustefnu og sín hlutverk í áhættustjórnun.
- Stuðla að öryggismenningu þar sem áhættustjórnun er hluti af daglegum rekstri.

Samþykkt á stjórnarfundum Íþrótt- og sýningarhallarinnar 26. ágúst 2025

Áhættugreining, mat og forvarnir

DÆMI

Nr.	Hætta / Áhættuþáttur	Lýsing hattu	Líkur (1–5)	Alvarleiki (1–5)	Áhættumat (LxA)	Forvarnir / Mótvægisáðgerðir	Ábyrgðaraðili	Athugasemdir
1	Eldur í aðalhóll	Mikið eldhætta vegna xxxx	2	5	10	Eldvarnakerfi, reyðskynjarar,	Slökkvilið / rekstraraðili	Fara yfir reglulega
2	Troðningur í fjöldaviðburði	Yfirfull höll getur valdið hattu á troðningi	3	4	12	Fjöldatakmörk, öryggisgæsla,	Öryggisstjóri	Sérstaklega skoða tónleika
3	Vopn eða ofbeldi á viðburði	Áhætta á að einhver smygli vopnum inn	2	5	10	Leitarbúnaður, vopnaleit,	Öryggisgæsla	Samstarf við lögreglu
4	Slys á íþróttasvæði	Íþróttafólk eða áhorfendur slasast	3	3	9	Skýr merking, aðskilnaður svæða, viðvera læknis	Skipuleggjandi viðburðar	Endurskoða fyrir hverja keppni
5	Rafmagnsbilun/Rafmagnsleysi	Getur valdið óöryggi, troðningi, slysum	2	4	8	Varaafi, neyðarlýsing, viðvörðunarkerfi	Tæknideild	Prófa reglulega

Eftirlit og endurskoðun

Dæmi

Svæði / Þáttur	Áhættuþáttur	Síðast yfirlit (ár/mán)	Næsta yfirlit (ár/mán)	Staða (✓/X)	Athugasemdir
Inngangur / Útgönguleiðir	Troðningur, neyðarrýming				
Aðalsalur / Áhorfendasvæði	Fall, þrengsli, slys				
Svið / Tæknibúnaður	Eldvarnir, rafmagn, aðgangur				
Neyðarlýsing / Rýming	Bilun, ómerktar leiðir				
Bar / Veitingar	Ofdrykkja, öryggisgæsla				
Salerni / Sameign	Hreinlæti, smit, fall				
Sjúkraaðstaða / Viðbrögð	Slys, veikindi				
Ytra öryggi	Ógn, vopn, aðskotahlutir				

Umhverfisstefna

Íþrótt- og sýningarhöllin leggur áherslu á að rekstur sinn sé umhverfisvænn, samfélagslega ábyrgur og í takt við markmið Reykjavíkurborgar um sjálfbærni og kolefnishlutleysi.

Helstu markmið:

1. Minna rusl og flokkun

- Flokka og endurvinna allan úrgang þegar mögulegt er.
- Draga úr notkun einnota plasts og stuðla að endurvinnslu með aðgengi að flokkunarstöðvum.

2. Orkusparandi tæki

- Nota orkusparandi ljós og rafmagnstæki til að minnka orkunotkun og kolefnisspor.

3. Vistvænar samgöngur

- Hvetja gesti og starfsfólk til að nýta hjól, almenningssamgöngur eða samnýtingu bíla.
- Bjóða upp á góða aðstöðu fyrir hjól og rafbíla.

4. Stuðla að notkun staðbundinnar þjónustu og vara

- Kaupa frá staðbundnum fyrirtækjum til að styrkja samfélagið og minnka umhverfisáhrif flutninga.

5. Lóð og umhverfi

- Tryggja að lóð og bílastæði við húsnæði Laugardalshallar sem er í umsjá Reykjavíkurborgar séu ávallt þrífaleg og til fyrirmyndar

Samþykkt á stjórnarfundum Íþrótt- og sýningarhallarinnar 26. ágúst 2025

6. mars 2026

Borgarráð

Kosning fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf. 2026

Hér með sendist útskrift úr fundargerð tilnefningarnefndar dags. 6. mars 2026:

2. Íþrótt- og sýningarhöllin hf. – Aðalfundur 24. mars

Samþykkt að leggja til við borgarráð að tilnefna Þórhildi Ósk Halldórsdóttur frá fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar sem aðalmann í stað Önnu Karenar Arnarsdóttur. Að öðru leyti verði fulltrúar Reykjavíkurborgar í stjórn Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf. óbreyttir á þann hátt að Ómar Einarsson verði áfram formaður, Steinþór Einarsson áfram aðalmaður og Helga Friðriksdóttir áfram varamaður.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari